

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- a. Orðin „viðkomandi heilbrigðisnefnd og“ í 3. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðanna „Hollustuvernd ríkisins“ í 3. mgr. og hvarvetna þar sem orðið kemur fyrir í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.:

2. 1. mgr. orðist svo: Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.
3. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: **Hlutverk Umhverfis- og orkustofnunar.**

3. gr.

Í stað orðanna „Viðkomandi heilbrigðisnefnd“ í 5. mgr. 5. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

4. gr.

2. málsl. 2. mgr. 6. gr. fellur brott.

5. gr.

2. málsl. 1. mgr. og 2. málsl. 2. mgr. 7. gr. falla brott.

6. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, [] 2026